

Með allt á hreinu

Leiklistarfélag NFFA og Tónlistarskólinn á Akranesi kynnir *Með allt á hreinu*. Leikritið fjallar um tvær hljómsveitir, Stuðmenn og Gærumar og vandræði á milli hljómsveitanna eftir ástardeilur Stinna Stuð og Hörpu Sjafnar. Miðasala er hafin á midi.is

Opnir dagar

Dagana 20. – 22. febrúar voru Opnir dagar hjá okkur. Þá er hefðbundin stundaskrá sett í salt en þess í stað sækja nemendur fyrirlestra, námskeið og fara í ferðir af ýmsu tagi. Dagskráin var fjölbreytt og gátu nemendur meðal annars farið í góðgerðarbið, crossfit, fimleika, lært rússnesku, skyndihjálp og félagsvist. Stærsti viðburðurinn var fyrirlestur frá Stígamótum um “sjúka ást”. Opnum dögum lauk með glæsilegri árshátíð NFFA á fimmtudagskvöldinu.



Með allt á hreinu

Miðasalan er hafin á midi.is

Mynd: Leikhópurinn eftir vel heppnað skemmtiatriði á þorrablóti Skagamanna.

Á döfinni

Það er margt um að vera þessa dagana hjá okkur. Mánudaginn 5. mars var Háskóladagurinn haldinn á sal skólans. Þangað mættu fulltrúar háskólanna og kynntu námsframboð hvers skóla. Þriðjudaginn 6. mars komu 10. bekkingar í heimsókn til okkar og kynntu sér námsframboð skólans. **Þann 9. mars var opnað fyrir val**, þá þurfa nemendur að velja sér áfanga fyrir næstu önn. Í dag 12. mars verða kennarar með kynningu á valáföngum á sal skólans. Þriðjudaginn 13. mars verður opið hús fyrir foreldra og nemendur í 10. bekk frá klukkan 17 til 19. **Fimmtudaginn 22. mars verður lokað fyrir valið** og þurfa þá allir nemendur að hafa gert upp hug sinn. Nemendur geta fengið aðstoð við valið hjá náms- og starfsráðgjafa og áfangastjóra. PÁSKALEYFI hefst síðan mánudaginn 26. mars og hefst kennsla aftur miðvikudaginn 4. apríl.



- Við viljum vekja athygli nemenda og foreldra á framhaldsskóli.is. Þar er að finna margar hagnýtar upplýsingar og námsefni fyrir nemendur.
- Boðið er upp á jafningjafræðslu í stærðfræði á föstudögum frá kl. 13:00-14:00 í stofu B-201.
- Boðið er upp á stuðningstíma í ensku á mánudögum kl. 10:45-11:40 og á fimmtudögum kl. 13:05-14:00 í stofu D-204. Kennari er Lúdmíla Pála Ermolinskaya.
- Miðannarmat var aðgengilegt nemendum á Innu frá og með 7. mars .
- Fyrir þá sem eru farnir að huga að næstu önn (og jafnvel utanlandsferðum) þá hefst kennsla á haustönn 2018 mánudaginn 20. ágúst og miðannarfríð verður 18. og 19. október.

